

ELDHUGINN



STYTTRI ÚTGÁFA 2022

**Leikgerð Hallgrímur Hróðmarsson
Aðstoð við leikgerð Árne Blandon**

**Ævisaga Einars Benediktssonar
eftir Guðjón Friðriksson
kom okkur að góðum notum
við samningu verksins**

Stutt lýsing á ELDHUGANUM

Leikritið er unnið upp úr tveimur leikritum frá árinu 2021: ELDHUGINN 1 – YNGRI ÁRIN og ELDHUGINN 2 - EFRI ÁRIN. Höfundar eru Hallgrímur Hróðmarsson og Árni Blandon.

Fyrri þáttur styttri útgáfu

Einar bjó hjá föðursystur sinni Þorbjörgu Sveinsdóttur á meðan hann lauk námi í Lærða skólanum. Hún var mikil baráttukona fyrir réttindum kvenna og mikill verkalyðssinni. Það var því ekki óeðlilegt að hann aðhylltist sósíalisma á þeim árum. Á heimili Þorbjargar kynnist hann Ólafu frænku sinni.

Hann byrjaði ungur að yrkja og ljóð hans einkennast af hugmynaauðgi og vandvirkni. Að sjálfsgöðu mynda þau ákveðna kjölfestu í leikritinu. Meðal annars vannur hann það þrekvirki 37 ára gamall að þýða ljóðaleikritið Pétur Gaut eftir Henrik Ibsen.

Hann er kvensamur alla tíð og glaður með víni. Rúmlega fertugur kynnist hann 15 ára gamalli stúlku, Valgerði Zoëga – stóru ástinni í lífinu. Móðir hennar, Margrét Zoëga, var alla tíð mjög mótfallin samdrætti þeirra og æ síðan andaði köldu á milli hennar og Einars.

Alla ævi þjáðist hann af mikilli draugahræðslu og átti svokallað Sólborgarmál stærstan þátt í því. Hann hafði sem ungur maður verið dómari í máli systkina sem áttu saman barn og förguðu því. Sólborgu var neitað um að hafa litla dóttur sína hjá sér um nóttina áður en átti að yfirheyra hana og svipti hún sig lífi með því að taka inn eitur.

Einar hverfur frá sósíalismanum og vill nú fá erlent fjármagn inn í landið. Með því vill hann virkja fallvötnin, byggja mikilvirkar verksmiðjur og hefja alls konar námuvinnslu. Og allt á þetta að vera landsmönnum til heilla, koma þeim úr moldarkofunum og í vinnu hjá gróðavænlegum fyrirtækjum.

Seinni þáttur styttri útgáfunnar

Það er mikið um blaðaútgáfu í Reykjavík á þessum árum – blöð eru stofnuð og blöð fóru á hausinn. Einar er mikilvirkur í þeim málum. Hann innleiðir nýjar áherslur í blöðum sínum – merkilegust er örugglega sú að hann birtir áhugaverða bókmenntagagnrýni. En oft er Einar ósvífinn og hrokafullur – sárin sem hann veitir höfundum eru ekki líkleg til að gróa.

Ljóst er að engin af hugmyndum athafnamannsins komast í framkvæmd. Hann var rægður af óvildarmönnum sínum og fyrri heimstýrjöldin hafði örugglega mikil áhrif í þá átt að fjársterkir aðilar voru tregir til að leggja fé í ný fyrirtæki.

Óhófleg drykkja Einars er nú orðið alvarlegt vandamál.

Það eru komnir brestir í hjónaband Einars og Valgerðar og þau skilja. Mikill aðdáandi ljóða hans Hlín Johnson kemur honum til hjálpar. Þau flytjast til Herdísarvíkur fjarri borgarlífinu og fjarri heimsins glaumi. Hann dvelur þar til dauðadags. Undir lokin þekkir hann ekki þá fáu vini sem heimsækja hann og ruglast í því hvort menn eru lögfræðingar eða blaðamenn.

Í líkræðu séra Ólafs skólabróður hans segir meðal annars: *Þegar hann er kominn í salarkynni skáldgyðjunnar, þá virðist fyrsta hugsun hans vera þessi: „Drag skó þína af fótum þér, því staðurinn sem þú stendur á, er heilög jörð“.*

Persónur

Einar Benediktsson
Valgerður kona hans
Arngrímur stúdent
Þormóður stúdent
Þóra alþýðukona
Anna kaupmannsfrú

Margrét tengdamóðir Einars
Ólafía frænka Einars
Þorbjörg föðursystir Einars
Marta og Sóley ungar stúlkur
Kristín vinnukona
Séra Ólafur Pedersen
Ástríður Pedersen kona hans
Sigurjón Einarsson
(Vofa Sólborgar)
Whitman
3 konur í stórborgarflakki
Gestgjafi
Kona gestgjafans
Tónskáld
Blaðamenn
Séra Ólafur Magnússon

Persónurnar í minni hlutverkunum koma aðeins einu sinni (eða tvisvar fram) – nöfnum þeirra er hliðrað til hægri. Sami leikarinn getur því auðveldlega leikið tvær eða fleiri persónur.

Athugasemdir höfunda má sjá á blaðsíðu 43

ATRÍÐASKRÁ

FYRRI ÞÁTTUR

Atriði	Blaðsíða
1. Einar og Ólafía	5
2. Kvennamaður	7
3. Úr Grasblöðunum	8
4. Sósíalismi	10
5. Sólborgarmálið 1	11
6. Samdráttur Einars og Valgerðar	13
7. Pétur Gautur – Dauði Ásu	14
8. Stórborgarflakk A	17
9. Sósíalisminn kvaddur	17
10. Tengdamóðirin og Einar	18
11. Norðurljós	19
12. Virkjanir – fjármagn, kynning	20
13. Lífsskoðun	21
14. Skýrslurnar	22
15. Gleðskapur	24

HLÉ 25

SEINNI ÞÁTTUR

Atriði	Blaðsíða
1. Tengdamóðirin og Einar	26
2. Jón Trausti	27
3. Smámæli	28
4. Fossafélagið Titan	29
5. Alkóhólismi	31
6. Aðgát skal höfð	33
7. Sólborgarmálið	33
8. Stórborgarflakk	35
9. Valgerður klæðir sig	35
10. Skáldalaun	36
11. Elivogar	37
12. Siglir dýra súðin mín	38
13. Til Valgerðar	39
14. Herdísarvík: Viðtal við Hlín	40
15. Lokaatriði:	41
A Úr Einræðum Starkaðar	
B Úr útvarpserindi	
C Hver er sem veit	
D Úr líkræðu séra Ólafs	

ENDIR 43

FYRRI ÞÁTTUR

1. ATRIÐI EINAR OG ÓLAFÍA

Einar og Ólafía sitja í Naustabrekkunni; næturkyrrð seint að sumri. Þau horfa til Esjunnar og Snæfellsjökuls. Hún er klædd í peysuföt en hann samkvæmt nýjustu karlmannatísku.

ÓLAFÍA

Einar, sjáðu, við vestur liggur opið hafið og sólarlagið varpar regnbogaöldum sínum hátt upp á himininn. Og yfir djúp þess hleður kvöldroðinn gullhrönn við gullhrönn – og mitt í geisladýrðinni stendur jökullinn í purpuralitaða ísfeldinum sínum – með beru upplyftu enni.

EINAR

Þú ert bara talandi skáld, frænka!

ÓLAFÍA

Ætli ég hafi ekki annað þarfara að gera en að yrkja.

EINAR

Ég má þá kannski nota hugarflugið þitt sem kveikju að ljóði?

ÓLAFÍA

(Hlær góðlátlega). Gjörðu svo vel, frændi.

EINAR

*Dýrðarsjón! – Í silfurfeldi
sefur fjall á hamrastól.
Kvikar jörð í köldum eldi,
krýpur fyrir himins veldi.
Geislar heilsast, sól frá sól,
sveipa draumum jaðarból.*

Haltu áfram að lýsa því sem þú sérð!

[Úr ljóðinu Undir Stjörnum].

ÓLAFÍA

Esjan gnæfir hæst við norðrið, breið og mikil, dimmblá og svartblá niður eftir giljunum, en ofan við sjóinn liggur grængylltur blær yfir túnunum. Þar í litlu bæjunum lifir sveitafólkið lífi sínu hvernig sem viðrar.

EINAR

*Svífur andi' í uppheimsfari,
– er sem hólpnar sálir stari.
Skapaþrungin, hvikul hjól,
hendir þögull undraskari.*

Áfram, áfram!

ÓLAFÍA

Stjörnurnar skína og ljóma í undurbláma himinsins. Ég heyrir ljósbylgjurnar óma hljótt í kyrrð næturinnar. Það er eins og fegurð himins og jarðar, lífs og dauða, renni saman í þeim og beri hugann inn í endalause samhljómun.

EINAR

Heyr mig, lát mig lífið finna,

*læs mér öll hin dimmu þil.
Gef mér stríð — og styrk að vinna,
stjarna, drottning óska minna.
Ég vil hafa hærra spil,
hætta því sem ég á til.
Bráðum slær í faldafeykinn, —
forlög vitrast gegnum reykin.
Alls má freista. Eitt ég vil.
Upp með taflið. — Ég á leikinn.*

(*Grípur um hönd hennar*). Ólafía, þú getur gert mig að miklu skáldi!

ÓLAFÍA

(*Stendur upp, losar um hönd sína*). Þakkarinn þinn — þar sem ég þekki þig — þá veit ég að þú hefur unnið að þessu kvæði síðustu þrjár vikurnar — kannski síðustu þrjá mánuðina! Er það svona sem þú færð stúlkurnar með þér í bólið? Kastar fram kvæði og segir þeim að þær hafi verið kveikjan að því?

EINAR

Æ, frænka, þú þekkir mig betur en nokkur annar. En ég get svona sagt þér í framhjálaupi að það þarf engin kvæði til að koma þeim í bólið. Þær hafa sagt það fleiri en ein og fleiri en tvær að ég sé sérlega myndarlegur. Og það þarf ekkert ból til — það má alltaf finna fallega, grasi gróna laut eða bara út um hagann á tunglþjartri sumarnótt.

ÓLAFÍA

Það er kominn tími til að þú farir að umgangast konur sem vitsmunaverur. Þú þarft að finna þér eina sem þú getur elskað — ekki bara vegna þess að hún sé kona — heldur ekki síður að hún sé gædd þeirri gáfu að vera þér hvatning til dáða og styrkja þig þegar á móti blæs.

EINAR

Gerir þú þér grein fyrir hve mikil áhrif þú hefur á ljóðin mín? Þú ert þessi kona.

ÓLAFÍA

(*Gremjulega*). Æ, Einar, komdu þér nú niður á jörðina?

EINAR

(*Alvarlegur*). Heldurðu að ég sé að grínast?

ÓLAFÍA

Kraftinn til ljóðagerðar færðu úr öllu umhverfinu — frá persónum sem þú umgengst og frá atvikum sem þú lifir.

EINAR

En ein persóna skipar stærsta sessinn í lífi mínu, Ólafía. (*Andartakspögn*). Viltu verða konan mín?

ÓLAFÍA

Láttu ekki svona, Einar! Það eru brýnni mál sem bíða mín í lífinu.

EINAR

Hvað er mikilsverðara en að leita samhljóms í söng og óði og setja sér markmið fjarlæg og há?
[Úr ljóðinu Til Huldu].

ÓLAFÍA

Þú átt eftir að setja þér glæst markmið og eflaust hrinda sumum þeirra í framkvæmd — en mín markmið eru af öðrum meiði. Í litla steinbænum hennar Þorbjargar frænku hefur þú ekki komist hjá því að heyra rætt um baráttuna fyrir réttindum kvenna og barna. Svo maður tali nú ekki um nauðsyn

Þess að vinna gegn mannskemmandi drykkjuskap. Og taktu nú eftir, Einar! Þótt þú teljir þig geta stýrt drykkjunni þá eru raunaleg dæmi um óhóf í þeim efnum í karllegg ættarinnar.

EINAR

(*Nokkur þögn*). Ég hef reyndar ort til þín, elsku frænka:

*Mörgu hef ég fríðu fljóði
fagnað, sem mitt hjarta kætti,
en aldrei slíkri ég áður mætti
ástagyðju af holdi og blóði.*

*Ljúf er röddin — líkt og vaki
ljóð við streng í óði dýrum.
Stuðlar falla í hlátrum hýrum,
hendingar í fótataki.*

*Þessi kona kann að unna,
kann að vera ambátt, drottning.
En ég finn með ótta og lotning,
einnig hatrið mundi hún kunna.*

*Og ég vildi lán mitt leggja
í litla, þétta hönd og hvíta,
og í fjötrum feginn líta
fram á götu okkar beggja.*

ÓLAFÍA

Ambátt þín og drottning – á ég að vera ein slík? Nei, Einar Benediktsson, við erum alltof lík í skapi til þess að samband okkar gæti blessast. Hatrið mun liggja í leyni. Og hvorugt okkar mundi sætta sig við fjötrana sem þú nefnir. (*Andartaksþögn*). Einar, þú ert heimsmaður. Hvernig heldurðu að við myndum líta út á götum Parísarborgar? Þú klæddur – samkvæmt nýjustu tísku – lafafrakki með loðkraga – utan yfir rauðbrúnum og hvítröndóttum jakkafötunum – með pípuhatt á höfði; og ég í látlausum peysufötum?

EINAR

Þú myndir nú sóma þér vel við hlið mér; í glæstum skautbúningi með tignarlegum faldi!

2. ATRIÐI

KVENNAMADUR

Tvær ungar stúlkur, Marta og Sóley, ganga eftir illa lýstri götu. Þær mæta Einari.

EINAR

Hvað eru tvær fallegar stúlkur að gera hér um miðja nótt? Vitið þið ekki að það er hættulegt að ganga svona fylgdarlausar um skuggasund bæjarins?

MARTA

Ertu að bjóðast til að fylgja okkur, Einar Benediktsson?

EINAR

Það er skylda mín!

SÓLEY

Það er nú ekki ónýtt að fá fylgd frá glæsilegu skáldi. Mamma var reyndar búin að biðja mig um að koma heim fyrir klukkan 10.

EINAR

Hún er skynsöm, hún móðir þín.

SÓLEY

Já, hún hefur reynsluna. Hún átti mig þegar hún var 15 ára.

EINAR

Það virðist nú hafa ræst vel úr þér þó mamma þín hafi enn verið á barnsaldri þegar hún átti þig. Var hún eins falleg og þú? (*Stúlkurnar flissa*).

MARTA

Þú kannt að slá kvenfólki gullhamra. Ég var búinn að heyra það! En – en nú er komið að götunni minni. Hér beygi ég.

EINAR

Já, gerðu það. Ég fylgi henni vinkonu þinni heim. Hún er örugg í mínum höndum.

MARTA

Er hún það?

3. ATRIÐI

Úr GRASBLÖÐUNUM



Whitman kemur á svið og flytur byrjunina á þýðingu EB á Úr Grasblöðum. Hann er með sitt skegg og hatt. Hann talar beint til áhorfenda.

WHITMAN

*Ég er skáld holdsins,
og ég er skáld sálarinnar*

*Með mér er himnanna gleði, og með mér er helvítis kvöl;
gleðina sái ég og græði út á sjálfum mér, – kvölinni vík ég við á aðra tungu.*

*Ég er konu skáld jafnt og karls;
og að kona sé manni ei minni, eru orð mín;
og að ekkert sé manni móður fremra, eru orð mín.*

*Ég flyt brag þroskunar eða sjálfspóttu;
nú er nóg að ég ætla, orðið af bænum og beygingum;
ég sýni, að stærðin er vöxtur og viðgangur.*

*Hafið þér yfirstigið hina? Eruð þér forsetinn?
Hégómi – þeir munu meira en komast, þeir munu fara – framhjá.*

*Ég er sá, sem gengur með þýðri, þyngjandi nóttu.
Ég ákalla hauður og haf, hálfur í nætur böndum.
Grúf þig, bringubera nótt! Grúf þig, seguleflda, alandi nótt!
Nótt suðrænna vinda! Nótt fárra, stórra stjarna!
þei, þei, blundandi nótt! Óða, nakta sumarnótt!*

*Bros, ó, ástum þrungna, andsvala jörð!
Jörð dottandi, drjúpandi skógar;
jörð liðins sólarlags! jörð skýjum faldaðra fjalla!
jörð glitrandi mánaskins, sem er bláma brugðið!
jörð ljóss og skugga, sem leika á víxl um fljótið!*

*jörð grárra, gagnsærra skýja, mín vegna heiðari, hreinni!
Reginharða, hringvaxna jörð! ríka eplumroðna jörð!
Bros, nú kemur elskhugi þinn!
Örlæti þitt gaf mér elsku. Því gef ég þér elsku aftur.
Elska, heita, óumræðilega.*

+++++

Stúdentarnir Arngrímur og Þormóður sitja á kaffihúsi – annar þeirra er með vikublað í höndunum þar sem ljóðin Úr Grasblöðunum eru birt – hinn er með ljóðabók eftir Walt Whitman.

ÞORMÓÐUR

Þýðingin ber náttúrulega öll einkenni Einars – hugsunin nokkuð skýr, myndirnar vel upp dregnar en stíllinn stíður og þunglamalegur. Hann er mjög trúr texta ljóðsins.

ARNGRÍMUR

Ljóðið hjá Whitmann er óneitanlega liprara eins og sést á lokalinunum (*Les með léttleika*):

*Prodigal, you have given me love—therefore I to you give love!
O, unspeakable passionate love.*

En hjá Einari (*Stirðmæltur*):

*Örlæti þitt gaf mér elsku. Því gef ég þér elsku aftur.
Elska, heita, óumræðilega.*

ÞORMÓÐUR

Þessi lína hefur hitt Einar í hjartastað:

*Press close bare-bosomed night—press close magnetic nourishing night!
Grúf þig, bringubera nótt! Grúf þig, seguleflda, alandi nótt!*

+++++

Í þessu kemur Einar inn á kaffihúsið og sest hjá stúdentunum.

EINAR

Ég heyri að þið eruð að dást að þýðingunni minni.

ÞORMÓÐUR

Ah, Uhu, já. Af hverju þýðir þú „bottom“ með bringu? Whitman er jú kynvillingur – ekki satt?

EINAR

Vildirðu frekar orða þetta svona:

Grúf þig, rassbera nótt! Með seinnipartinn: Grúf þig, seglaða, næringar gefandi nótt!

Þú ert sannarlega efni í stórskáld, Þormóður. (*Andartakspögn*). Ég geri nú ekkert úr því hvort maðurinn er kynvillingur – hann er fyrst og fremst – mesta skáld í Bandaríkjunum í dag.

ÞORMÓÐUR

Finnst þér kynvilla bara allt í lagi?

EINAR

Ég skil ekki að karlmenn vilji leggjast með öðrum karlmönnum. En ljóð Whitmans bera þess merki að ást hans til annars karlmanns er hrein, sönn og djúp. Er hægt fordæma slíka ást. Ég vona að guð gefi að ég finni konu sem ég get elskað svona heitt.

ARNGRÍMUR

Var erfitt að þýða ljóðið?

EINAR

Nei, það var ekki erfitt. Óbundinn texti er mun auðveldari en texti sem bundinn er með stuðlum, höfuðstaf og rími.

ARNGRÍMUR

Ætlar þú að snúa þér að svona modernisma í ljóðagerð.

EINAR

Nei, það er einfaldlega ekki næg áskorun. Fyrir nú utan að íslensku skáldi ber að rækta séríslenska ljóðahefð – allt frá Hávamálum til vorra daga.

4. ATRIÐI SÓSÍALISMI

Einar, Ólafía og Þorbjörg sitja í stofunni í litla steinbænum hennar Þorbjargar öðru megin á sviðinu.

ÞORBJÖRG

(*Stendur á miðju gólfi*). Því meiri sem fátæktin er meðal verkamanna því meiri er nauðsyn þess að vinnandi stéttir standi saman. Með því getum við útrýmt óréttlæti og kúgun alþýðunnar.

ÓLAFÍA

Með stofnun verkalýðsfélaga myndast nýr og betri félagsandi. Ef skynsamlega er staðið að aðgerðum fá félagsmenn meira traust á sjálfum sér, og læra að meta eigin atvinnu.

EINAR

(*Stendur upp og talar út í salinn*). Ef verkamennirnir halda saman, munu auðmennirnir vanda sig betur og græða það á dugnaði og fyrirhyggju, sem þeir nú fá vegna lágra launa starfsmanna við framleiðslu og iðnað. Og því fyrr sem félagskapur verkamanna byrjar, því fyrr kemst hinn starfandi, arðberandi kraftur í þjóðinni til þeirra valda, sem honum ber með réttu, jafnt hér og annars staðar í heiminum

+++++

Hinu megin á sviðinu. Sönghópur syngur lag eftir Þórarinn Jónsson við ljóð Einars.

*Sjá, hin ungborna tíð vekur storma og stríð,
leggur stórhuga dóminn á feðranna verk. —
Heimtar kotungum rétt, — og hin kúgaða stétt
hristir klafann og sér hún er voldug og sterk.
Nú er dagur við ský, heyr hinn dynjandi gný,
nú þarf dáðrakka menn, — ekki blundandi þý
það þarf vakandi önd, það þarf vinnandi hönd
til að velta í rústir og byggja á ný.*

+++++

EINAR

(Les upp úr eintaki af Dagskrá). Hugmyndin um algeran jöfnuð veur eflaust ugg í brjóstum auðmanna. Þeir munu telja að hún miði að því að taka ranglega eignir þeirra sem betur eru settir í samfélaginu og gefa hinum það sem eyðslufé. En þetta er ekki svo. Fullkomin jafnaðarmennska er sú félagsskipun er leggur allt það sem miðar að uppfylling lífsþarfanna, undir yfirráð ríkisins, bæði starfsemi þegnanna, ávextina af vinnu þeirra og hina framleiðandi náttúru sjálfa.

ÞORBJÖRG

(Kinkar kalli). Síðustu orðin í pistlinum eru mjög góð samantekt á því sem við ræddum í fyrirkvöld. Og þú hefur að sjálfsögðu sett þinn yfirvegaða stíl á málvarið.

+++++

Til hægri á sviðinu er kaffihús þar sem Arngrímur og Þormóður spjalla saman.

ARNGRÍMUR

Ég hef heyrt að Einar líti á innleiðingu jafnaðarmenskunnar sem fyrsta skrefið í eðlilegri þróun til hins fullkomna samfélags.

ÞORBÓÐUR

Fyrsta skrefið?

ARNGRÍMUR

Já, að hans mati byrjar þróunin með sósíalisma „Heimtar kotungum rétt, — og hin kúgaða stétt / hristir klafann og sér hún er voldug og sterk.“ Síðan fylgir anarkismi eða stjórnleysi í kjölfarið – algjör ringulreið; og þá getur einstaklingshyggjan blómstrað og ofurmennishugsjón Nietzsches komist í framkvæmd.

ÞORMÓÐUR

Og ofurmennið – er það herra Einar Benediktsson?

ARNGRÍMUR

Ja, hann er nú stærsta skáldið, mesta kvennagullið, gáfaðastur manna á Íslandi og þar að auki hefur hann mjög líklega erfitt fjármálavittni föður síns.

ÞORMÓÐUR

Þú meinar – að skulda sem mest?

5. ATRIÐI

SÓLBORGARMÁLIÐ

Réttarhöld yfir Sólborgu Jónsdóttur og Sigurjóni Einarsyni á Svalbarða í Þistilfirði. Lengst til hægri á sviðinu sitja vitnin í skærri ljóskeilu. Spurningar dómans, Einars Benediktssonar, eru leiknar af segulbandi. Lengst til vinstri á sviðinu liggur Einar óvæð í rúmi sínu; dauf birta er á honum.

Yfirheyrsla yfir frú Ástríði Pedersen og séra Ólafi Pedersen

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

(Fyrirmannlega og með kulda). Vissuð þér af því, frú Ástríður Pedersen, að hálf systkinin Sólborg Jónsdóttir og Sigurjón Einarsdóttir lágu oft saman í einni sæng?

ÁSTRÍÐUR

Ég sá það reyndar í eitt sinn sjálf þegar ég átti leið ofan stigann úr svefnstofu okkar hjóna.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Og hvernig brugðust þér við?

ÁSTRÍÐUR

Ég var náttúrulega leið yfir því að þetta kæmi fyrir á mínu heimili.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Fannst yður það bera vott um saknæmt athæfi?

ÁSTRÍÐUR

(*Hikandi*). Sigurjón var á skyrtunni einni fata og Sólborg afklædd.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Grunaði yður að hún væri vanfær?

ÁSTRÍÐUR

Ja, hún var lasin part úr degi.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Séra Ólafur, fannst þér atlot milli þeirra systkina bera vott um holdlega girnd?

SÉRA ÓLAFUR

(*Heldur uppburðarlítill*). Mér fannst atlotin heldur ósmekklek og hálfleiðinleg á að horfa.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Varðst þú var við óeðlilegan gildleika á Sólveigu?

SÉRA ÓLAFUR

Hann Jón vinnumaður hafði orð á því við mig. Ja, ég ber nú ekki mikið skyn á svona hluti. Og hef kannski ekki gefið því sérlegar gætur – barnlaus maður og tiltölulega nýkvæntur.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Gerðir þú eitthvað í málinu?

SÉRA ÓLAFUR

Læknirinn sagði að það gætu verið ýmsar skýringar á gildleika kvenna.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

En þegar hún grenntist skyndilega?

SÉRA ÓLAFUR

Ekki tók ég eftir því.

Það slokknar á ljóskeilunum. Ofurlítið þögn. Því næst kveður við skerandi angistaróp. Einar hrekkur upp af rúminu. Vofa Sólborgar birtist hjá rúmi hans.

VOFA SÓLBORGAR

Hefur þú aldrei elskað, herra Einar Benediktsson.

EINAR

Guð hjálpi mér, Sólborg. (*Skjálfandi röddu*). Jú, ég hef elskað.

6. ATRIÐI SAMDRÁTTUR EINARS OG VALGERÐAR

Anna og Þóra spjalla saman í eldhúsi Þóru.

ANNA

Það sást til hans Einars á útifundinum um daginn þar sem hann dró hana Valgerði Zoëga bak hrörlegan viðarskúr – og kyssti hana lostafullum kossi – beint á munninn.

ÞÓRA

Æ, láttu ekki svona, Anna mín. Þetta hefur bara verið saklaus koss eins og fullorðinn vinur gefur barni.

ANNA

Huh – það var ekki sakleysinu fyrir að fara. Það er ekkert sakleysi í því þegar ósvífinn kvennabósi dregur 15 ára stúlku á bak við skúr.

ÞÓRA

Æ, láttu ekki svona, Anna mín. Það eru svo margir sem hafa horn í síðu Einars og búa til og bera út alls konar kjaftagang.

ANNA

Kjaftagangur? Ég trúi nú því að móðir hennar Valgerðar hún Margrét Zoëga verði lítt hrifin af þessu ósmekklega pukri bakvið skítugan skúr.

+++++

Einar og Valgerður Zoëga að kvöldi dags við Tjörnina; skautar liggja við fætur þeirra.

EINAR

(Hann tekur litla skrifkompu úr vasa sínum og réttir henni hana). Ég skrifaði ljóð í poesibókina þína.

VALGERÐUR

Mundirðu eftir því? *(Flettir upp á ljóðinu).* Suðræna stjarnan! – Sírius! – Ætlaðu virkilega að gefa mér þetta ljóð?

EINAR

Já, ástin mín. *(Tekur Valgerði í fangið; fer með tvö síðustu erindi ljóðsins Stjarnan):*

*Hvað veldur, að þú ert ást mín ein
af öllum blómum í stjarnanna krans?
Svo margt skín þó eplið á glitmeiðsins grein,
og gott er um sólbros í hnattanna dansi.
– Mín jarðneska hugsun, þitt himneska bál
hittust eitt kvöld eins og tinna við stál,
og síðan man ég þig, svipurinn fríði,
sé þig í draumi, við gleðinnar skál,
finnst allt, sem er fagurt, þér einni til prýði.
Um þig kveður aldan og andvarans sog,
þér ómar hvert ljóð, sem mitt hjarta á grafið;
til þín horfa loftsalsins þjótandi log,
til þín streymir sál mín, sem lindin í hafið.
Almáttka fegurð, hrein og há,
ég hneigi þér, ann þér með brennandi þrá.
Stjörnu djásnið mitt dýrðarbjarta,*

*demant á guðdómsins tignarbrá!
Ljós yfir dauðadjúpið svarta!*

VALGERÐUR

Er ég þá tinnan og þú stálið?

EINAR

Já, og eldurinn – ljóðin. (*Þau kyssast heitt og innilega*).

+++++

Einar kemur mäsandi inn í eldhúsið á Hótel Ísland. Vinnukona er þar fyrir.

EINAR

(*Lítur skelfingu lostinn á vinnukonuna*). Geturðu ekki falið mig hérna einhverstaðar. Hún Margrét Zoëga hleypur öskureið á milli húsa hér í bænum og ætlar að drepa mig.

VINNUKONAN

Hvurslags er þetta, maður. Ertu farinn að yrkja níðvísur um heldra fólk bæjarins?

EINAR

Nei, það er miklu alvarlegra en það. Það fannst nærhald ...

VINNUKONAN

(*Hlær*). ... á Landaskotstúni. Kannast þú eitthvað við það?

EINAR

Þetta kom mér alveg í opna skjöldu. Hún var ekki í neinu nærhaldi. Einhver hefur bara laumað því þangað til að hefna sín á mér. Hann hefur lagt sig allan fram við þennan hrekk. Geturðu ekki falið mig einhvern staðar?

VINNUKONAN

Hérna komdu þér inn í skápinn. (*Ýtir Einari inn í þokkalega stóran skáp*).

Margrét kemur fasmikil inn í eldhúsið.

MARGRÉT

Hvar er hann Einar?

7. ATRIÐI

DAUÐI ÁSU

Úr III. hluta Péturs Gauts

EINAR

Einar, Valgerður og nokkrir gestir eru staddir í stofunni í Þrúðvangi.

Pétur Gautur er saga um mikla baráttu og hugstríð, þar sem ístöðulítill en stórhuga maður reynir að kaupa sér hamingju og sátt við lífið með sjálfsblekkingu og grobbi. Þar er líka saga Ásu, móðurinnar, sem mæðist af áhyggju og sorg vegna sonarins sem hún elskar; sonarins sem gengur á glapstigum. Hún álasar honum, en vill þó jafnan verja hann og vernda gegn aðkasti heimsins. Og þarna er einnig sagan um ást Sólveigar, stúlkunnar, sem elskar ógæfumanninn.

Leikritið er í fimm þáttum. Við skulum nú bera niður í III. þætti þessa ljóðaleiks. Pétur Gautur situr við dánarbed móður sinnar. Hann rifjar upp leik sem þau mæðginin léku þegar hann var lítill drengur. Rúmið er glæsivagn og gæðingnum Brún er beitt fyrir vagninn. Ferðinni er heitið til hinnar dularfullu

höll Sória-Mória sem margir hafa leitað. Í norskum ævintýrum er hún sögð full af gulli og gersemum. Í listasafninu í Kristjáníu er málverk af litlum dreng - hann horfið dreymandi út yfir skerjagarðinn; hann sér margar eyjar og í hillungum sér hann höllina sem er svo erfitt að finna.

Ég verð Pétur Gautur og vilt þú, Valgerður, vera móðir mín, hún Ása?

[Hægt er að velja aðra leikkonu úr leikhópnum til að leika Ásu, móður Péturs Gauts]

Valgerður kinkar kolli. Hún sveipar um hár sitt skýluklút og leggst á lítinn bedda í stofunni og Einar sest til fóta á beddan; Einar hefur flutninginn:

PÉTUR GAUTUR

Í Sória-Moría er setið
að sumbli hjá kóngi og prins.
Hvíldu þig. Héna er stoðin.
Nú höldum við þangað af stað. –

ÁSA

En, barnið mitt, erum við boðin?

PÉTUR GAUTUR

Já, bæði tvö erum við það.

Fleygir snæri um stólinn; tekur prik í höndina og sest á rúmstokkinn til fóta.

ÁSA

Hvað er það sem er að hringja?

PÉTUR GAUTUR

Hesturinn. Bjallan er hvell.

ÁSA

Hvað heyrir svo kynlega klingja?

PÉTUR GAUTUR

Við keyrum um fjarðarsvell.
Þar stendur postulinn Pétur
við portið og býður í hús.

ÁSA

Og heilsar?

PÉTUR GAUTUR

Með sóma og setur
sitt sætasta vín á krús.

ÁSA

Vín? Á hann brauð með?

PÉTUR GAUTUR

Hann býður
þér barasta kúfað fat.
En maddaman sáluga sýður
þér sopa með eftirmat.
(Smellir með keyrinu).
Brúnn! Þú mátt betur og meira.

ÁSA

En, besti minn! Ferðu ekki villt?

PÉTUR GAUTUR

(Smellir aftur).

Hér er þjóðbraut.

ÁSA

Ég þreytist að keyra
og þjóta svo hart. Mér er illt.

PÉTUR GAUTUR

Þar birtist nú hár og brattur
borgarturn. – Senn er keyrt inn.

ÁSA

Ég treysti með augun mín aftur
þér einum, drengurinn minn.

PÉTUR GAUTUR

Grani minn! Hertu þig, hestur!
Í höllinni er urmull manns.
Að gættinni er ruðst. Hér er gestur!
Hann Gautur og móðir hans.
Hvað er það, helgi Pétur,
á hún ekki að komast hér inn?
Langt ferðu fyrr en þú getur
fundið jafn-heiðarlegt skinn.
Um mig er þarf laust að þrefa,
ég þarf hvorki vott né þurrt.
Ég þigg það sem þið viljið gefa,
– fer þess utan jafnglaður burt.
Hó, hó! Þar er herrann sjálfur.
Nú heyrirðu, Pétur minn!

Í djúpum róm:

„Soðgreifakækir, kálfur!
Kerlingin má fara inn.“

Hlær hátt og snýr sér að móður sinni.

Já, spurðu nú, hvort ég hef spaugað?
Nú spilast við annan tón.
Því ertu eins og brostið sé augað?
Hvað á það, að láta eins og flón?

Fer að höfðalaginu.

Heyrðu mig, hættu að stara. –
Hvað! Það er drengurinn þinn!

Þreifur hægt á enni hennar og höndum; svo fleygir hann snærunum á stólinn og segir lágt:

Já, hingað var heitið að fara!
Nú hvílum við, Grani minn.

Lokar augum hennar og lýtur niður að henni.

Guð launi þér lífsstundir þínar –
allt liðið í sæld og raun.
Svo þigg ég þakkirnar mínar
Þrýstir vanganum á munn hennar
Sko, þetta eru flutningslaun!

8. ATRIÐI STÓRBORGARFLAKK A

A Mynd varpað á tjald af Lundúnum. Texti á mynd: „Lundúnir“

Einar gengur fram á vel búna unga konu. Hún brosir kankvíslega til hans og bendir honum að koma til sín. Hann tekur fram seðlabúnt; réttir henni og býður henni arminn. Þau ganga hlæjandi út af sviðinu. Músík: When I'm Cleaning Windows (George Formby).

B Mynd varpað á tjald af Kristaniu (Oslo). Texti á mynd: „Kristjánía“

Einar og Valgerður ganga fram hjá kirkju og heyra söng Elsu Sigfúss: Ave Maria, F. Schubert / W. Scott (P. A. Storck þýddi á þýsku). Einar og Valgerður staldra við og hlýða á sönginn.

C Mynd varpað á tjald af Lundúnum. Texti á mynd: „Lundúnir“

Einar og Valgerður ganga fram hjá vel búinni konu á miðjum aldri. Hún dregur upp kjólfaldinn svo að sést í berann kálfann. Valgerður stífnar upp og lýtur fyrir lítlega undan; vill strunsa í burtu. En Einar streitist á móti og tekur ofan hatt sinn og veifar til konunnar. Músík: On a Slow Boat to China (Fats Domino).

D Mynd varpað á tjald af Kaupmannahöfn. Texti á mynd: „Kaupmannahöfn“

Einar gengur fram á prúðbúna hefðarkonu á Strikinu. Hann tekur ofan hattinn og eftir stutt (þögult) spjall leiðast þau arm í arm inn á næsta kaffihús. Músík: Hvide børn og sorte børn, Liva Weel.

[Músík: ef til vill væri heppilegra að hafa hljóðfæraleik án söngs].

9. ATRIÐI SÓSÍALISMINN KVADDUR

Arngrímur situr á kaffihúsi og Þormóður kemur aðvífandi.

ARNGRÍMUR

Jæja, sumir eru ekki lengi að yfirgefa sósíalismann! Ertu búinn að lesa kvæðið Aldamót eftir herra Einar? Þar kveður við: ... allt landið vort biður þau himnesku völd / að leiða í fylking fámenna liðið / í framsókn á rétta miðið!

ÞORMÓÐUR

(*Hlær dátt*). ... hér er ei stoð að stafkarlsins auð! / Nei, stórfé! Hér dugar ei minna!

ARNGRÍMUR

Svo er það rúsínan í pylsuendanum: Með vísindum alþjóð eflist til dáða. / Það æðra því lægra skal ráða. –

ÞORMÓÐUR

Spurning dagsins: hver fær að ét'hana?

+++++

10. ATRIÐI TENGDAMÓÐIRIN OG EINAR

Þrúðvangur. Einar kemur slompaður inn í anddyri hússins. Hann gengur inn í stofuna; opnar vínskápinn og tekur fram viskýflösku og glas. Það heyrir diskur glamur úr eldhúsinu.

EINAR

(Hellir í glasið). Er einhver þarna frammi? Ef svo er, viltu þá færa mér nokkra ísmola?

MARGRÉT

(Kemur inn). Síðan hvenær er ætlast til þess að ég þjóni yður til borðs? Á ég ef til vill líka að þjóna yður til sængur líka?

EINAR

Æ, eruð þið þér elsku tengdamóðir? Nei, enga þjónustu. Og hún Valgerður mín þjónar mér til sængur af stakri þrýði. Það er meira en nóg að fá að njóta notalegrar návistar yðar, þá daga sem ég er á Íslandi.

MARGRÉT

Já, þeim hefur nú fækkað, þar sem þér eruð á stöðugum ferðalögum til helstu stórborga Evrópu.

EINAR

Oh, hvað væri gaman ef þér kæmuð með mér, mín kæra.

MARGRÉT

Ferðast með yður, herra Einar Benediktsson? Nei – takk, ég ætti nú ekki annað eftir en þeytast út um allar koppagrundir með yður til að snapa peninga út úr saklausu fólki, með vægast sagt ýkjukenndum lýsingum á möguleikum þeirra á því að græða offjár með fjárfestingum á Íslandi.

EINAR

En elsku, Margrét. Ég ...

MARGRÉT

(Grípur fram í). Ég er engin elska yðar. Yður væri nær að komast í fasta vinnu. Með öruggum tekjum þá gætuð þér rækt skyldur yðar við fjölskylduna.

EINAR

Það er þolinmæðisverk að hleypa af stokkunum þeim fjármála-fyrirætlunum sem ég stefni að. Hún dóttir yðar hefur fullan skilning á því að við verðum að draga saman seglin í eyðslunni svona dag frá degi. Ég fullvissa yður um ...

MARGRÉT

Fyrir má nú vera. Hún Valgerður hefur þurft að notast við sama kjólinn á öllum þeim viðburðum sem hún hefur sótt – í heila þrjá mánuði. Og börnin ganga um klædd eins og betlarar.

EINAR

En hvað með fötin sem þau fengu í sumar?

MARGRÉT

Það voru sumarföt. Nú er vetur! Hafið þér, herra Einar Benediktsson, ef til vill ekki veitt því athygli?

EINAR

En hvað með yður, frú Margrét Zoëga, eruð þér kannski búnar að gleyma því hvernig nota má nál og tvinna?

MARGRÉT

Ég er engin saumakona fyrir yður, herra Einar Benediktsson, svokallað skáld.

EINAR

(*Nokkur þögn*). Ég hef ætíð litið á yður sem greinda konu. Nú er ég farinn að efast um það.

Margrét rýkur á braut. Ljósinn dofna.

11. ATRIÐI NORÐURLJÓS

Einar kemur vel slompaður heim í Hótel Reykjavík. Hann fer með kvæðið Norðurljós – byrjunin heyrir utan af götu en áframhaldið á meðan hann fer inn í eldhús til Kristínar vinnukonu.

EINAR

*Veit duftsins son nokkra dýrlegri sýn
en drottanna hásal í rafurloga?
Sjá grundu og vog undir gullhvelfdum boga! –
Hver getur nú unað við spil og vín?
Sjálfr moldin er hrein eins og mæð við lín,
mókar í haustsins visnu rósum.
Hvert sandkorn í loftsins litum skín,
og lækirnir kyssast í silfurósum.
Við útheimsins skaut er allt eldur og skraut
af iðandi norðurljósum.*

— — —

*Nú finnst mér það allt svo lítið og lágt,
sem lifað er fyrir og barist á móti.
Þó kasti þeir grjóti og hati og hótí,
við hverja smásál ég er í sátt.
Því bláloftið hvelfist svo bjart og hátt.
Nú brosir hver stjarna, þótt vonirnar svíki,
og hugurinn lyftist í æðri átt,
nú andar guðs kraftur í duftsins líki.
Vér skynjum vorn þrótt, vér þekkjum í nótt
vorn þegnrétt í ljóssins ríki. –*

Komdu margblessuð, elskan mín. Ég fann þessa indælu matarlykt – alveg út á götu. Varstu með andabringur í kvöldmatinn?

VINNUKONAN

Þú ert búinn að vera of lengi í útlöndunum – þekkirðu ekki lyktina af íslenska lambakjötinu lengur?

EINAR

Það er nú skiljanlegt – þar sem þú sveipar lærinu í dýrindis sósur – og meðlætið er eins og á fimm stjörnu hóteli í Kaupmannahöfn!

VINNUKONAN

Sestu nú hérna við borðið – ég skal færa þér smá næturbita á disk.

EINAR

Geturðu ekki líka komið með flösku af rauðvíni og kristalsglas – eitt af betri sortinni.

VINNUKONAN

(Færir honum næturbitann og kristalsglas). Hún Margrét, tengdamóðir þín, læsti vínskápunum í kvöld. Hún átti von á að þú kæmir seint heim.

EINAR

Hún er einstök þessi kona.

VINNUKONAN

(Hellir mjólk í kristalsglas). Hérna hefurðu svo mjólk – hún bragðast örugglega betur úr kristalsglasi.

EINAR

Af hverju hefur mér aldrei dottið það í hug – hvílik andagift! *(Fær sér sopa af mjólkinni og bita af kjötinu; smjattar).*

VINNUKONAN

... Herra Einar Benediktsson, ekki meira um það! *(Andartakspögn).* Hvernig er það annars – hefur þú selt skoskri kerlingu norðurljósín?

EINAR

Trúir þú þessu?

VINNUKONAN

Þær eru víst mjög heimskar þær skosku.

EINAR

Já, ég held að þær dönsku séu skömminni skárri.

VINNUKONAN

Svo þú hefur þá aldrei selt henni norðurljósín?

EINAR

(Lyftir mjólkurglasinu). Jú, það getur þú verið viss um, og Vetrarbrautina líka!

12. ATRIÐI

VIRKJANIR – kynning og fjármagn

Umræður á kaffihúsi. Þormóður og Arngrímur sitja saman á kaffihúsi

ÞORMÓÐUR

(Ákveðinn). Virkjun fossaflsins! Spurningin er bara hvernig á að afla fjár til framkvæmdanna og ekki síður hverjir eiga að þiggja arð af þeim.

Ljós í kaffihúsinu dofna; Einar birtist í ljóskeilu til hliðar á sviðinu.

EINAR

Besta leiðin er að erlendir auðjöfrar komi að verkinu. Auðmagnið sækir þangað sem von er um mikinn arð. *(Andartakspögn).* Ég er þess fullviss að menn taka afstöðu til hugmynda minna eftir því hvort þeim er illa við mig eða vel – bæði utan þings og innan!

Ljóskeilan á Einari hverfur; það birtir í kaffihúsinu.

ARNGRÍMUR

Menn skiptast í hópa: annars vegar þeir sem telja að auðmenn séu einir færir um að hrinda stórfamkvæmdum af stað og hins vegar þeir sem hallast að því að ríkið leggi til féð og arðurinn haldist í landinu.

ÞORMÓÐUR

Einar Benediktsson hefur hafi unnið stórvirki í að kynna möguleikana á að virkja stærstu fossana á Íslandi. Hann nær að hrífa alla sem á hann hlusta með ræðusnilld sinni og glæsilegri framkomu.

Ljóskeila á Einar

RÖDD UTAN SVIÐS
Er fossinn hár?

EINAR
Já, hann er mjög hár.

RÖDD UTAN SVIÐS
Hvað skyldi hann vera hár?

EINAR
Hann er afar hár.

RÖDD UTAN SVIÐS
En hve hár hér um bil?

EINAR
Hann er gríðarlega hár.

RÖDD UTAN SVIÐS
En hversu margir metrar?

EINAR
Hann er feikna margir metrar.

RÖDD UTAN SVIÐS
Getur hann verið 70 metra hár?

EINAR
Hann *getur* verið 70 metra hár.

Ljóskeila á Einar slokknar

ARNGRÍMUR

Goðafoss er 11 m hár.

ÞORMÓÐUR

Maðurinn er jú skáld.

13. ATRIÐI

LÍFSSKOÐUN EB

Samkoma hjá Christian Science í London. Einar gengur að ræðupúlti fyrir miðju sviðsins. Hann ávarpar áhorfendur.

EINAR

Þakka ykkur kærur vinir, meðlimir í þessu framsækna og göfuga félagi Christian Science hér í London. Ég ætla að ræða eðli guðdómsins, já. Vilji Alföður, hver er hann, viljinn, Alfaðir? Hvers eðlis er vilji Alföður? Eðli vilja Alföðurs er straumur – og það reyndar í ófundnu efni – eins og stormurinn og straumur rafsegulsins fer hann um í lofti og í ljósvaka. Straumur Alföður er góður, en líka einráður og sjálfsvitandi. Við erum upphafin af náttúrunni og andi Guðs er hluti af náttúrunni.

*Heimsins vél er knúð af einu afli,
einum segulvilja er efnin bindur.*

Tími Guðs er ekki okkar tími, tími Alföður er eilífðin.

*Tími er svipstund ein, sem aldrei líður,
algeims rúm, ein sjón, einn dýrðarbjarmi.* [Kvöld í Róm, 1903]

Með því að sameinast Guði má yfirvinna efnisheiminn og einnig dauðann.

*– Er hugarvaldsins voldug öld oss nær,
þá veröld deyr ei, er hún guð sinn lítur.* [Dettifoss, 1905]

Lofskeyti ferðast um ljósvakann og hugsanir manna líklega með svipuðum hætti.

*Minn hugur er bylgja með hrynjandi fall,
sem hnígur að ljósvakans ströndum.* [Hljóðaklettar]

Bylgjurnar streyma að lífsins kjarna og lífið skapast við iðugeislann frá þessum kjarna, en iðugeislinn er rafbylgja.

[Stefjahreimur, 1906
(inngangskvæði *Hafblikis*)]

Náttúran er uppfull af sál Guðs sem við getum tengst, með því að leggja rækt við andlegar hliðar okkar. Þannig getur andinn sigrast á efninu.

*Við sólar eld, við íssins bál,
ég eining segulvaldsins finn.
Að nefna dauða – er dauðlegt mál,
því duft og loft er fullt af sál
síns guðs – í kjarnann innsta inn.*

*Sem felist perla í myrkri mjöll
er mönnum dulið svarið enn.
En saga kyns vors er ei öll.
Sem ísbráð ný frá sólarhöll
má rísa öld – með andans menn.*

[Stefjahreimur, 1906]

Takk fyrir.

14. ATRIÐI SKÝRSLURNAR

Einar situr við skrifborðið sitt öðru megin á sviðinu og flettir blöðum. Hinu megin er kaffihús þar sem þeir sitja Arngrímur og Þormóður og glugga í blaðið Reykjavík, ritstjóri Jón Ólafsson.

EINAR

(Hann stendur; tekur upp blað og les). Trúnaðarskýrslur til stjórnar hlutafélagsins og örfárra annarra sem munu fjalla um hana. (Leggur blaðið niður og les hátíðlega af öðru blaði). Þegar Ísland verður ræktað jafnvel og önnur Norðurlönd, þá mun það sannarlega standa þeim jafnhliða. Þegar þess er

gætt, að einungis fáar fermíkur eru yrktar af allri víðáttu Íslands, þá er það auðskilið að framförin getur orðið mjög mikil, undir eins og bændum er gefinn aðgangur að bankaviðskiptum. Nú sem stendur er tala sauðfjár í landinu aðeins ein milljón, ---

ARNGRÍMUR

Ha, ha, ha, hann tvöfaldar rétta tölu. Fjárfjöldi á landinu í dag er um það bil hálf milljón vetrarfóðraðar kindur. Það var eins gott að Jón Ólafsson ritstjóri komst yfir eintak af þessari dæmalausu skýrslu.

ÞORMÓÐUR

Það er sagt að ráðherrann hafi laumað henni til hans!

EINAR

Það er óhætt að segja það að ala mætti að minnsta kosti 20 milljónir¹ þar án nokkurra endurbóta á beitilandinu.

ÞORMÓÐUR

Án nokkurra endurbóta! Á að kenna rollunum að éta leir og grjót.

EINAR

(Sest niður og flettir nokkrum síðum). Í hlutfalli við stærð sína er Ísland að líkindum framleiðslumesta fiskimiðstöð í veröldinni. Þar sveimar hin mesta fiskimergð alt árið um kring. Fiskigöngur koma einnig þangað frá Grænlandi. Ísland hefir tiltölulega stóran fiskiflota, nokkur hundruð haffær þilskip og smærri skip; en til þess að gera þennan atvinnuveg stórarðsaman eins og auðið er, þá er nauðsynlegt að leggja niður fiskibátafloða þann, sem nú er, en taka upp botnvörpu-gufuskip og mótorbáta, sem nú tíðkast í hinum nýju flotum umhverfis Englands stendur.

ARNLIÓTUR

Já, og hverjir græða á því þegar búið er að útrýma fiskibátunum okkar og peningamenn ráða öllu með sín gufuskip og mótorbáta.

EINAR

(Flettir drjúgum hluta handritsins, stendur upp). Á síðustu 15 árum hefi ég keypt og fengið umráðarétt yfir fjölda dýrmætra fasteigna, og eru þær að mínu áliti úrvalið úr öllum fasteignum Íslands.

ARNLIÓTUR

(Hæðnislega). Einar Benediktsson – auðugasti maður á Íslandi! *(Hlær enn meir).* Hann á varla bót fyrir boruna á sér. Allar þessar eignir eru veðsettar upp í rjáfur.

EINAR

(Les áfram í handritinu). Hluthafar yðar eru vissir um að fá fé sitt að fullu endurgoldið, og ættu þar að auki að fá stóran ágóða, með því að fá fjórðung ágóðans af gjörvöllum gróða félagsins eftir að þeir hafa fengið fé sitt að fullu endurgoldið. Þeir þrír fjórðungar sem þá verða eftir, renna til mín, þeirra sem með mér eiga fasteignirnar, og til vina minna. Nokkuð af hlutabréfum félagsins ætla ég að fá í hendur bestu mönnum á Íslandi, sem vér munum hafa not af.

¹ [Fjárfjöldi (sauðfé) er miðaður við vetrarfóðraðar kindur. Fjárfjöldi er talinn hafa verið 482.000 kindur árið 1901. Árið 1924 var fjöldinn kominn í 582.000. Í dag er fjöldinn heldur minni eða 458.634 gripir. Mestur fjárfjöldi var hér á landi 1977 en þá var sauðfé talið 896.000 vetrarfóðraðar kindur.]

ÞORMÓÐUR

Já, já, það er gott að vera í hópi bestu vina skáldsins – þeim verður beitt á jötuna!

15. ATRIÐI GLEÐSKAPUR

Stofa í hlýlegu húsi í Reykjavík; gestgjafi og kona hans ráða þar ríkjum; Einar og tónskáld. Húsfreyjan gengur um beina. Menn drekka ótæpilega af viskíi og kampavíni.

TÓNSKÁLD

(Stendur upp og slagar að píanóinu). Jæja félagar, þá er komið að söngnum: Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur!

HÚSFREYJAN

Æ, blessaðir leyfið mér að loka gluggunum áður en þið vekkið upp allt nágrennið!

Einar situr sem fastast, en hinir standa upp. Húsfreyjan flýtir sér að loka öllum gluggum. Það sést greinilega að allir eru vel við skál. Tónskáldið hefur nú píanóleikinn og allir syngja nema Einar. En ljóst er að hann kann að meta söng félaga sinna.

*Hvað er svo glatt sem góðra vina fundur,
er gleðin skín á vonarhýrri brá?
Eins og á vori laufi skryðist lundur,
lifnar og glæðist hugarkætin þá.
Og meðan þrúgna gullnu tárin glóa
og guðaveigar lífga sálaryl,
þá er það víst, að bestu blómin gróa
í brjóstum, sem að geta fundið til.*

GESTGJAFINN

(Stendur áfram; hinir setjast). Jæja, drengir. Nú legg ég til að við gerum vel við heiðursgestinn okkar, herra Einar Benediktsson, skáld. Hver og einn sem hér er viðstaddur á að fara með nokkur erindi úr uppáhaldsljóði sínu eftir meistaran. Ég ríð á vaðið. Sökum aðdáunar minnar á ævistarfi Jóns Vídalíns biskups flyt ég erindi úr Meistara Jóni:

*Höfðingi almúgans óx við hans kjör,
ástfólginn lýðnum frá grunni.
Öreigi réðst hann í róðrarvör,
með rómversku stefin á munni.
Látlaus í háttum, en hár í mennt,
högum þess smáa hann unni.
Af andagift ríkar hér aldrei var kennt,
né auðugri hjartans brunni.*

TÓNSKÁLDIÐ

Ég má til með að fara með brot úr hljóðaklettum:

*Er nokkuð svo helsnautt í heimsins rann
sem hjarta, er aldrei neitt bergmál fann, –
og nokkuð svo sælt sem tvær sálir á jörð,
samhljóma í böli og nauðum.
Ein barnsrödd getur um fold og fjörð
fallið sem þruma af hamranna storð,
eins getur eitt kærleikans almáttugt orð*

Íshjartað kveðið frá dauðum.

Nú er komið að yður, Einar skáld Benediktsson. Þér munuð sjálfsagt eiga erfitt með að velja ljóð?

EINAR

(Nokkur þögn; stendur upp frekar riðandi á fótum; röddin nokkuð rám af drykkju.

... örlætið glatar frændsemd og fylgd.

*Fagna skal hóglega kynni og vinum,
Svo stopult er margt í venslum og vild,
– vinnirðu einn, þá týnirðu hinum.*

*Hugsirðu djúpt, sé mund þín mild
og mælist þér best, verða aðrir hljóðir.*

*Öfund og bróðerni eru skyld;
– ótti er virðingar faðir og móðir.*

*En fullið er tæmt – heyrið feigðarsvan.
Festar og nær koma vængjablökin.*

*Ástin er dauð. Sjáum man eftir man
að moldarsvæflunum hallast á bökin.
Synduga hönd – þú varst sigrandi sterk,
en sóaðir kröftum á smáu tökin; –
að skiljast við ævinnar æðsta verk
í annars hönd, það er dauðasökin.*

Nokkuð löng þögn; menn drekka í ró og spekt.

TÓNSKÁLDIÐ

Jæja, drengir. Þá höfum við dregið fram úr pússi okkar nokkur gullkorn frá skáldinu. Húsfreyja góð, ef ég man rétt þá setti ég tvær kampavínsflöskur á eldhúsbekkin frammi.

HÚSFREYJAN

Ef **ÉG** man rétt þá eruð þið búnir að drekka úr þeim báðum – nú þegar! (*Andartakspögn*). Ég mætti kannski blanda mér í gullkornin? – Einar Benediktsson, þér hafið ort mörg löng ljóð sem ég kann að meta. En hér er ein staka.

*Stundin deyr og dvínar burt
sem dropi í straumaniðinn.
Öll vor sæla er annaðhvurt
óséð – eða liðin.*

HLÉ

SEINNI ÞÁTTUR

1. ATRIÐI

TENGAMÓÐIRIN OG EINAR

Einar kemur dauðadrukkinn inn í forstofuna á Þrúðvangi. Það heyrir mikill skarkali frá honum og hann fer með 1. erindi ljóðsins Pundið úr ljóðabókinni Hrannir.

EINAR

*Sólbjarmans fang vefst um allt og alla;
æska og fegurð á loftbránni hlær.
Moldarundið glitrar og grær.
Gullbros af náð yfir jörðina falla.
Með þagnandi ekki hafbrjóstið hnígur,
er himinsins blær
lognhljóðum sporum af ströndunum stígur.*

Á meðan á flutningnum stendur kemur Margrét Zoëga, tengdamóðir skáldsins inn.

MARGRÉT

Já, var það ekki – skriður heim klukkan sjö að morgni – eftir næturlangt fyllerí. Næsta erindi ljóðsins fjallar væntanlega um þrautir yðar og vesaldóm, herra Einar Benediktsson:

*Ljós herrann breiðir á lífsins brautir
liljuprýði og eikarþrótt, –
og myrkrið felur sig helkalt og hljótt
í hjarta mannsins, með nagandi þrautir,
þar dagsins ásýnd er eins og gríma,
en undir býr nótt, –
helfjötruð veröld takmarks og tíma.*

Á meðan Margrét fer með erindið gengur Einar rólega að vinskápnunum; tekur fram viskíflösku; sest í einn hægindastólinn og sýpur drjúgt úr flöskunni.

EINAR

Komið þér sælar, mín elskulega tengdamóðir, frú Margrét Zoëga. Þér eruð eins og endranær í afskaplega ljúfu skapi. Það er skrýtið atarna: mér finnst 5. erindi ljóðsins ríma við karakter yðar. Mér – já, það er eins og ég hafi samið það til yðar:

[Hér breytir Einar kyni persónunnar – hann verður hún].

*Hún leitar á víðavangi síns anda,
sem visnar í sumarandans blæ,
og sér aðeins öræfi og eyðisæ,
þar aldini lífsins í blóma standa,
agndofa, þögul í heimsins hjörðu,
eitt helkalið fræ,
sem dó fyrr en það fann jarðveg á jörðu.*

MARGRÉT

Bölvæðir verið þér, herra Einar Benediktsson. Þér skulið flytja innan þriggja daga úr mínum húsum með allt yðar hafurtask. Þér ættuð að geta leigt einhvern kofa út í bæ – nægir eru peningarnir. Er ekki svo? Eða eigið þér bara skuldir núna?

EINAR

Hafurtaskið? Vonandi eruð þér ekki að tala um dóttur yðar og barnabörnin?

Margrét rýkur á dyr.

2. ATRIÐI JÓN TRAUSTI

Einar situr við skrifborðið sitt öðru megin á sviðinu og les upphátt ritdóm sinn um Veisluna á Grund eftir Jón Trausta. Jón Trausti stendur hinu megin á sviðinu. Ljóskeilur á þeim á vixl.

EINAR

Jón Trausti fór ágætlega af stað sem ljóðskáld, en sögur hans fela í sér beina afturför frá eldri ritmennt í landinu með ósmekkvísi og ósanna frásögn eins og í hans nýjustu bók *Veislunni á Grund*. Jón Trausti misskilur raunsæiskröfuna í skáldskap, hann er haldinn af þeirri villu að bersögli um allt, jafnvel það lægsta og dýrslegasta í afkimum mannlífsins, sem óspillt eðli vill þó draga slæður yfir, sé leyfileg eða jafnvel skyldug í skáldmennt.

(Augnabliksþögn; stendur upp). Öll meðalmennska, andleysi og ómenning í rithætti dafna vel í þessu lífslofti – enda er óhætt að segja að hér hefur þetta verið verðlaunað og eggjað fram upp úr lágdreggjum þeirrar stéttar sem fæst við skáldmennt hér á landi. Þingflokkarnir hafa ausið út fé á báða bóga fyrir lítillfjörlegan eða jafnvel einkisverðan blekiðnað og hafa auðvitað í því, líkt og í flestum öðrum eignum, ekki einungis sýnt vanþekkingu og grunnhyggni, heldur einnig haft tilgang sem virðist miður hollur fyrir þjóðfélagið. Þegar á því hefur staðið fyrir einhvern flokkinn, sem blekkingunum þurfti að ryðja braut í hugsunarhætti fólksins – hefur einnig verið gripið til þess að gera klíkubý að launuðum rithöfundum og hefur af þeirri ástæðu lagst sá siður hér í landi að verja almannafé ár eftir ár í svokallaðan „skáldskap“. Með þeim hætti hafa menn eins og til að mynda Jón Trausti leiðst til þess að róta upp hverju ritverkinu eftir annað sem höfðu lítið sem ekkert bókmenntagildi.

Þegar hann svarar þessu þá verður svarið mun eftirminnilegra en skáldsagan.

Ljós út á Einar en ljós upp á Jón Trausta.

JÓN TRAUSTI

Er með svargrein sína, sem hann birtir í Lögréttu. Hann ber sig eins og hann sé í ræðupúlti; hann er haldinn stjórnláusri reiði.

Ekki minni mönnum en Molière, Holberg, Byron, Edgar Poe og Ibsen hefur verið brigslað um að vera siðspillandi af einhverjum smásálum samtíðar sinnar; þess vegna er hlægilegt að ásaka mig um hið sama.

Ljós út á Jón Trausta en upp á Einar. Einar les svargrein.

EINAR

Jón Trausti er leiðinlegur ritmökari. Kynslóðir framtíðarinnar munu ekki lesa *Veisluna á Grund* eftir Jón Trausta. Með kærri kveðju til Ibsen-Molière, Grundarstíg 15.

Ljós út á Einar en upp á Jón Trausta.

JÓN TRAUSTI

(Ær af reiði. Les hratt og hátt). Hver skilur heimskupvætting þinn? Þú ekki sjálfur leiruxinn kvað Jón Þorláksson. Ég get nú með sama rétti sagt að Einar Benediktsson sé leiðinlegur – að ekki sé hundraðasta hver lína af viti í því, sem hann yrkir, og ekki þúsundasta hver lína í því, sem hann skrifar í óbundnu máli, að megnið af þessu öllu saman sé líkast vaðli í sjóðvitlausum manni. Og ég get bætt því við og fært rök að því ef með þarf, að meiri hluti af kvæðum hans, sem hann hefur ort síðustu árin, er hreinasti leirburður. Þau eru stirt kveðin, svo að hverjum íslenskum manni er það ofraun að hafa þau í munni, hættirnir afskaplega sérviskulegir og afkáralegir, hljóðfall (rytmus) allt á riðli, mál og myndir argasta smekkspilling, íslenskunni átakanlega misþyrmt og hugsunin – þegar hún þá er nokkur – svo myrk og hálfsgöð að hún verður vita gersamlega óskiljanleg og gorgeirinn og lærdómsbelgingurinn óbærilegur.

+++++

(Ljós út, myrkur. Ísmeygileg, háðsk og sjálfumglöð rödd heyrir lesa rólega af segulbandi):

*Brjálun MÁLS í orði ÓÐSINS,
æðsta listin frónskri drótt;
skakkaföllin, skelmistökin,
skrúfa, þjöl í kliði HLJÓÐSINS,
allt er list, sem lengst er sótt,
lædd í úlfakreppu rökin.
Hyrjar ÓNSINS hitaleiðing
hvítan bræðir málminn ÞORNSINS.*

*Bjargar lýð við ELDSINS eyðing
ómur gyllta ÞOKUHORNSINS.*

*Aldrei gól á háburst HJALLSINS,
hærra blakkur svanur GORS,
hár í eigin hæstri ímynd,
höfuðskáldið EIGNARFALLSINS.
Byltir höfði belgur FORS,
brot á óð er SMEKKSINS frísynd.
Trygging setur sala LANDSINS
sögurétti ÍSLENDINGSINS,
það er stefna ÞJÓÐARSTRANDSINS,
þrumudraumur SKÁLDREMBINGSINS.*

EINAR

(Öskuillur). Þessar níðvísur um ljóðin mín hefur helvítið hann Jón Trausti leirað saman.

Ljós út.

3. ATRIÐI

SMÁMÆLI

Anna og Þóra sitja í eldhúsi Þóru.

ANNA

Veistu kvað gengur um bæinn? Nú er herra Einar Benediktsson farinn að snúa sér að smástelpunum aftur – þessi er 15 ára eins og Valgerður var þegar hann flekaði hana á Landakotstúninu.

ÞÓRA

Æ, Anna mín, fólk er alltaf að spinna upp sögur til að sverta mannorð Einars.

ANNA

Hann fer reglulega austur fyrir fjall að Hellnum í Landsveit. Stelpan þar er alls ekki fríð og svo er hún smámælt. Faðir hennar lætur það óáreitt að þau fari út að ríða.

ÞÓRA

Smámælt – hvað ...

ANNA

... Þau athafna sig svo í laut upp undir fjallinu og stelpan segir að þau lesi ljóð hvort fyrir annað – eftir Einar.

ÞÓRA

Er það allt og sumt.

ANNA

Hún segir þabba sínum að Einar hafi sagt að ljóðin væru enn þá fallettri mæld af hennar munni

Les ljóðið með ýktri, smámæltri röddu

*Til þín fer mitt ljóðalag
löngum yfir björg og sund.
Manstu okkar eina dag?
Er ei lífið skammvinn stund?*

*Hljóð og tóm er hjartans borg.
Heimsins svipur breyttur er.
Andi minn, hann á ei sorg.
Alltaf lifir þú hjá mér.*

ÞÓRA

Þetta er fyrir neðan þína virðingu, Anna. Heldur þú að fólk sem er blest á máli hafi ekki tilfinningar og sál. Einar hefur skynjað einlægni stúlkunnar og meaning ljóðsins hefur geislað frá henni.

4. ATRIÐI FOSSAFÉLAGIÐ TITAN

Þormóður situr einn á kaffihúsi. Arngrímur kemur inn og sest hjá honum.

ARNGRÍMUR

Velkominn heim Þormóður. Hvernig er að stúdera í Noregi?

ÞORMÓÐUR

Þetta var mjög skemmtilegur tími – fallegar stúlkur.

ARNGRÍMUR


Ekki að spyrja að! Þú hefur stúderað þær í þaula.

ÞORMÓÐUR

Ég fór nú á fyrirlestra líka – svona við og við. (*Þeir skála; nokkur þögn*). Hvað er efst á baugi hér á Íslandi?

ARNGRÍMUR

Það er mikið rætt um Einar Benediktsson. Það er bæði synd og skömm að það virðist ekkert ætla að verða af þessum virkjunum í Þjórsá. Svona ef maður lítur til baka þá var þetta frá byrjun mjög vel skipulagt. Örugglega það besta sem Einar Benediktsson hefur komið að. Norskur verkfræðingur Sætermoen rannsakaði vatnsaflíð í Þjórsá og teiknaði stöðvarbyggingar og áburðarverksmiðju. Og það gekk vel að selja hlutabréf í byrjun. (*Teikningu Sætermoens varpað á tjald*).



Ég held að það sem gekk endanlega að félaginu dauðu hafi fyrst og fremst verið stríðið. 1911 til 1914 ríkti mikil bjartsýni og því var auðvelt að fá fé í arðbærar framkvæmdir. En í lok stríðsins 1918 þá minnkaði áhuginn til muna.

RÖDD AF SEGULBANDI

Þeir Norðmenn og Íslendingar sem standa að Titanfélaginu hafa allir gott orð á sér. Eina undantekningin er herra Einar Benediktsson – alþjóðlegur stórsvindlari sem er á stöðugu flakki á milli stórborga í Evrópu. Hann hefur skipulagt félagið sem hvert annað svindlfélag. Þjóðverjar ættu að leggja fé til félagsins svo fremi sem Einar Benediktsson komi þar hvergi nærri.

ÞORMÓÐUR

Svo var fossanefndin á þingi ekki beinlínis hliðholl erlendum auðmönnum með Bjarna frá Vogu sem formann.

Ljóskeila á Einari til hliðar á sviðinu.

EINAR

Helvítis fanturinn!

ARNGRÍMUR

Og hinir í nefndinni voru: Guðmundur Björnsson landlæknir, Jón Þorláksson verkfræðingur, Guðmundur Eggerz sýslumaður og Sveinn Ólafsson í Firði.

EINAR

Tómir hlандаular! Jón Þorláksson ætti þó að hafa skilning á málinu sem verkfræðingur, hann getur kannski haft áhrif á hina lúsablesana!

Ljóskeila út.

ÞORMÓÐUR

Breytti þjóðfundurinn engu?

ARNGRÍMUR

Þjóðfundurinn?

ÞORMÓÐUR

Já, ég las í norsku blöðunum viðtal við Einar Benediktsson um að það ætti að halda þjóðfund á Þingvöllum þar sem heilbrigð skynsemi þjóðarinnar fengi að láta í sér heyra. Þar ætti að samþykkja nokkur grundvallaratriði í íslenskum stjórnámálum. Eins og Einar sagði í viðtalinu þá yrði lögð áhersla á frelsi án mismununar vegna þjóðernis, fyrir vinnukraft og fjármagn.

ARNGRÍMUR

Æ, þú meinar þjóðfundinn hans Einars! Hann var nú bara í höfðinu á skáldinu.

Ljóskeila fellur á Einari til hliðar á sviðinu.

EINAR

Alþingi er ekki til þess bært að fjalla um erlent fjármagn á Íslandi og samvinnu við útlendinga! Samkvæmt lögum á Alþingi aðeins að fjalla um *sérmál* Íslendinga, en ekki um *almenn mál* og ekki um samskipti Íslands við önnur ríki. Það hlýtur að heyra beint undir *þjóðvaldið*. En til þess að fá úrskurði um þau mál verður að kalla saman sérstaka *þjóðfund*.

Ljóskeilan slokknar.

ARNGRÍMUR

Menn eru almennt hættir að hlusta á Einar sem alvöru stjórnmálamann.

Ljóskeila á Einar.

EINAR

Öfund – öfund. Ég hef unnið þjóð minni og landi vel. Mörgum hefur ofboðið – segja að ég hafi einungis hugsað um eigin hag – grætt of fjár með sölu hugmynda – gefið skít í það þó einhverjir hafi tapað fé þegar framkvæmdirnar hafa ekki gengið eftir – vegna skilningsleysis ráðamanna. Vakinn og sofinn hef ég stritað. – Átti ég að gera þetta allt í sjálfboðavinnu?

5. ATRÍÐI ALKÓHÓLISMI

Valgerður leitar Einars í Kristjáníu en finnur hann ekki. Hún kemur að máli við Ólafíu Jóhannsdóttur að Langgate 37.

ÓLAFÍA

Blessuð og sæl Valgerður. Óvæntur gestur.

VALGERÐUR

Já, og ekki af góðu einu saman. Einar sendi mér skeyti til London, þar sem við búum núna ásamt börnunum okkar, en hann var staddur hér í Kristjáníu. (*Réttir Ólöfu skeytið*).

ÓLAFÍA

(Les). “Komdu strax. Einar”

VALGERÐUR

Hann er ekki skráður á nein hótél hér í borg og vinir hans vita ekkert um hann.

ÓLAFÍA

Þá þurfum við að leita að honum á leyniknæpum og í skuggahverfum, þar sem ég þekki vel til. Ég skal koma með þér.

VALGERÐUR

Þakka þér innilega fyrir.

ÓLAFÍA

Mig grunar að Einar gæti þurft miklu meiri aðhlyningu en við getum veitt honum. Mér dettur í hug að hann hefði best af því að fara á heilsuhæli vegna drykkjusýkinnar.

VALGERÐUR

Þú mælir manna heilust. Kannski að kúrhótelið Skodsborg Sanatorium í Danmörku væri kjörinn staður fyrir hann.

ÓLAFÍA

Já, líklega sá allra besti sem völ er á í dag. Þar er lögð áhersla á grænmetisfæði, nudd og böð. Og kannski að Einar endi síðan sem aðventisti.

VALGERÐUR

Það væri nú ekki það versta sem kæmi fyrir hann!

+++++

Herbergiskytra í skuggalegu húsi. Einar liggur nær dauða en lífi í rúmi og getur litla björg sér veitt.

VALGERÐUR

Einar minn. Mikið var að við fundum þig.

EINAR

(Mjög þvoglumæltur og sárveikur). Valgerður mín. Hve gott þú komst.

ÓLAFÍA

Ég fer að finna leigubíl og svo komum við heim til mín.

VALGERÐUR

Þakka þér fyrir Ólafía mín. Ég verð þér ævinlega skuldbundin fyrir þennan vinargreiða.

(Ólafía fer að leita að leigubíl).

VALGERÐUR

Reyndu að standa upp Einar minn. *(Hjálpar honum á fætur. Hann er mjög máttfarinn. Valgerður styður hann að útidyrnum).*

+++++

(Í Skodsborg, hvíta bænum. Einar situr á stól fremst á sviðinu undir sóhlíf, vafinn í stórt hvítt teppi. Valgerður nuddar á honum axlirnar)

VALGERÐUR

Nú hef ég ekki lengur áhyggjur af þér Einar minn, þú hefur tekið meðferðinni hérna svo vel, enda hér allt eins og best má verða. Nú hef ég helst áhyggjur af börnunum okkar.

EINAR

Já, ég líka. Ætli það væri ekki ráðlegast að flytja frá London, þó Hermitage sé frábært hús, þar sem börnunum hefur liðið mjög vel. Við verðum líklega að selja þetta fallega sveitasetur.

VALGERÐUR

Já, það er orðið nokkuð dýrt að búa á Englandi.

EINAR

Hagstæðast væri líklega að við flyttum til Danmerkur.

VALGERÐUR

Já. Hugsum málið. Einar minn, ég ætla bregða mér í smá hressingargöngu – kem fljótlega til þín aftur.

EINAR

Allt í lagi elskan mín. Farðu varlega.

VALGERÐUR

Við sjáumst á eftir. (*Hún fer.*)

EINAR

(*Hripar niður í litla stílabók. Starir út á hafið*)

AF SEGULBANDI, RÖDD EINARS

JÖRÐ

*Þú deplar auga, og dagur verður kveld.
Þú dregur blæju hægt á mánagluggann –
og breiðir þér að brjósti næturskuggann,
þú blundar, vaknar, kveikir morguneld.
Þú dúðar okkur hljótt í haustsins feld,
en heitan móðurkoss til vorsins geymir.
Svo snýr þú við, sem víf að ástarhótum,
og vetrardvöl í röðulfaðmi gleymir.
En grannahvelin heilög bros þín dreymir,
ó, himinstjarna, sem vér troðum fótum.*

6. ATRIÐI

AÐGÁT SKAL HÖFÐ

Skrifstofa Einars. Hann les upp úr ljóðabókinni Vogar. Valgerður situr í sófanum.

EINAR

*Ljóst var af morgni og lífnað í grein.
Frá langri nótt gekk ég mannauð stræti.
Við torgið ég sá einn tötrasvein.
Ég tók upp verð – hann brá að sér fæti.
Landhlaupi var hann og lá upp við stein.
Hann leit á mig snögg. – Ég ber það í minni.
Einn geisli braust fram, og gullið skein,
gnótt í hans hönd, en aska í minni.*

*Eitt bros getur dimmu í dagsljós breytt,
sem dropi breytir veig heillar skálar.
Þel getur snúist við atorð eitt.
Aðgát skal höfð í nærveru sálar.
Svo oft leyndist strengur í brjósti, sem brast
við biturt andsvar, gefið án saka.
Hve iðrar margt líf eitt augnakast,
sem aldrei verður tekið til baka.*

VALGERÐUR

„Aðgát skal höfð í nærveru sálar.“ (*Andartataksþögn; blíðlega*). Þú hefur nú ekki alltaf virt þetta boðorð, Einar minn.

EINAR

(*Hryssingslega*). Sálar eru misbjartar - margar eru kolsvartar.

7. ATRIÐI

SÓLBORGARMÁLIÐ

Yfirheyrsla yfir Sigurjóni Einarssyni

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

(*Fyrimannlega og með kulda*). Hafið þér, Sigurjón Einarsson, einslega eða í annarra augu sýn aðhafst það nokkuð við systur yðar sem mætti teljast hneykslanlegt?

SIGURJÓN

(*Festulega*). Alls ekki. Hvernig ætti það að vera?

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Kannski ekki í hneykslanlegt í yðar augum. En til þess fallið að hneyksla aðra?

SIGURJÓN

Ég skil ekki – hvað þér eruð að segja.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Skiljið þér ekki mælt mál?

SIGURJÓN

Ég hélt það nú.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Eruð þér búnir að gleyma því sem við erum að tala um? Hafið þér kannski enga hugmynd um það sem við erum að tala um? Hafið þér kannski ekki hugmynd um neitt? Vitið þér hvar við erum staddir? Þér eruð staddir fyrir dómi. Og við viljum fá sannleikann án undanbragða.

SIGURJÓN

Það hefði aldrei hvarflað að mér að sænga hjá henni Sólborgu og láta vel að henni. (*Hikar*). Hvað er eðlilegra en að maður halli sér hjá systur sinni?

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Höfðuð þér þá holdlegt samræði við hana?

SIGURJÓN

Nei, nei.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Hvað með aukinn gildleika á systur yðar?

SIGURJÓN

Mér fannst það ekki eðlilegt?

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

(*Reiðilega*). Þér eruð búnir að þvæla nógu lengi og tefja okkur. Hvenær höfðuð þér fyrst mök við systur yðar?

SIGURJÓN

(*Grátandi*). Einu ári eftir að hún kom á bæinn. Svo varð það oft, aftur og aftur, þar til systir mín sagði mér að hún væri með barni. Þá varð það miklu oftar.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Og hvað með barnið?

SIGURJÓN

Hún bað mig að grafa það.

RÖDD EINARS AF SEGULBANDI

Var það lifandi þegar það fæddist?

SIGURJÓN

Ég veit það ekki; ég held það frekar.

Ofurlítill þögn. Því næst kveður við skerandi angistaróp. Einar hrekkur upp af svefni. Vofa Sólborgar birtist hjá rúmi hans.

EINAR

Sólborg, ég vildi leyfa litlu telpunni þinni að vera hjá þér um nóttina eftir að bróðir þinn játaði.

VOFA SÓLBORGAR

Varstu ekkert hræddur um að ég tæki hana með mér – burt úr þessum vesæla heimi?

EINAR

Guð hjálpi þér, Sólborg, að segja þetta. (*Leggst á bæni*). Skyld er okkur, hinum styrku, að bera veikleikann með hinum óstyrku og hugsa ekki aðeins um okkur sjálf. [Úr Orðskviðunum].

9. ATRIÐI

STÓRBORGARFLAKK

A Mynd varpað á tjald af Róm. Texti á mynd: „Róm“

Einar gengur um stræti og hittir fyrir konu á miðjum aldri. Hún syngur hluta úr óperuaríu. Einar klappar henni lof í lófa og eftir stutt (þögult) spjall býður hann henni arminn og þau ganga hlæjandi út af sviðinu.

B Mynd varpað á tjald af Kristjaníu (Oslo). Texti á mynd: „Kristjanía (Oslo)“

Einar og Valgerður ganga fram hjá tónleikahúsi. Þaðan berst söngur Guðmundu Elíasdóttur: Betlikerlingin, Sigvaldi Kaldalóns. Einar og Valgerður setjast niður við götuveitingahús.

C Mynd varpað á tjald af Madrid. Texti á mynd: „Madrid“

Einar kemur inn og horfir fullur undrunar og gleði á sígaunastúlku dansa flamengó. Í miðjum dansinum reynir hann að taka sporið með henni en þar sem það tekst heldur klaufalega bresta þau í hlátur og hann leiðir hana út af sviðinu.

D Músík: Bolero, Ravel. Mynd varpað á tjald af borg í Túnis. Texti á mynd: „Túnis“

Einar og Hlín Johnson leiðast eftir stræti. Ung kona heilsar þeim brosandi og hleypur síðan hlæjandi burt. Einar og Hlín ganga út af sviðinu. [<https://www.youtube.com/watch?v=E9PIL5icwic>]

9. ATRIÐI

VALGERÐUR KLÆÐIR SIG – Þögult atriði

Valgerður stendur við opinn klæðaskáp. Þar er fjöldi kjóla. Vinnukonan er að hjálpa henni við að reima að sér lífstykkið. Síðan hjálpar hún henni að velja klæðnaðinn: kjóll og skór sem passa við, svo og herðasjal og hattur sem draga fram glæsileik frúarinnar. Þegar hún hefur mátað nokkra kjóla og

viðeigandi skart hendir hún öllu frá sér á gólfið. Hún verður sérlega örg þegar blár silkikjöll reynist of þröngur.

[Atriðið er þögult: langt eða stutt. Svona athöfn getur tekið drjúgan tíma].

EINAR OG VALGERÐUR

Valgerður kemur fasmikil – á nærfötunum í lífsstykkinu – inn í vinnustofu Einars þar sem hann situr við skriftir.

VALGERÐUR

Ég á engan fatnað til þess að klæðast fyrir óperukvöldið okkar um helgina!

EINAR

Elskan mín, geturðu ekki farið í bláa silkikjólnum þínum. Hann er einstaklega fallegur þegar þú skartar svarta herðasjalinu. Svo geturðu sett upp hvítu perlufestina eða þá demantskreyttu gullkeðjuna.

VALGERÐUR

Hann er alltof þröngur!

EINAR

Það getur ekki verið – þú keyptir hann fyrir þremur mánuðum. Og þú hefur ekki borðað neitt að ráði síðan þá – vegna flensunnar.

VALGERÐUR

(Með titrandi röddu). Finnst þér ég vera of feit?

EINAR

Elskan mín, ég elska hvert gramm af þér.

VALGERÐUR

Einar, Einar, ég...! Það er ekki nema sanngjarnt að ég fái nýjan kjól. Þú keyptir þér alklæðnað – frá toppi til táar – í síðasta mánuði!

EINAR

Maður verður nú að líta vel út þegar maður fer á fund helstu peningamanna Noregs. Maður má ekki vera eins og hver annar betlari.

VALGERÐUR

Ég fæ það nú stundum á tilfinninguna að allt þitt vafstur sé ekkert annað en betl!

EINAR

Það má með sanni segja að eplið fellur sjaldan langt frá trénu. Það er bara eins og frú Margrét Zoëga sé komin hér uppþólginn inn á mitt gólf!

VALGERÐUR

Þú ert að sönnu ekki klæddur eins og betlari í þessum fötum. Nei, þú ert klæddur eins og – eins og spjátrungur!

Valgerður rýkur á dyr.

10. ATRIÐI SKÁLDALAUN

Anna og Þóra sitja í eldhúsinu hjá Þóru.

PÓRA

Það er til skammar að Einar Benediktsson skuli ekki fá skáldalaun í ár frekar en fyrri ár. Hann ber höfuð og herðar yfir skáldin sem þarna eru á listanum Þorstein Erlingsson, Jón Trausta og Einar H. Kvaran.

ANNA

Þeir nota sín laun sér til lífsviðurværis. Það er annað en Einar þarf að gera. Hann er stöndugur maður og ljóðagerðin er bara tómstundagaman hjá honum. Hans atvinna er að ferðast milli stórborga heimsins og hafa fé af stórgrósserum – og er það vel – verra var þegar hann féfletti auðtrúa bændur á Suðurlandi og fékk þá til að leggja fé í námugróft á einskis verðu landi. Svona menn eiga ekki að fá skáldalaun.

PÓRA

Góð skáld eiga að fá skáldalaun. Þau eru virðingavottur sem íslenska þjóðin veitir þeim. Því miður eru þau notuð sem skiptimynt í pólitískum erjum í landinu.

ANNA

Mér er sagt að eitt sinn þegar Einar – algjörlega auralaus – var að fara til London frá sveitasetri sínu þá þurfti hann að fá lánaðan pening hjá kúskinum sínum – hugsaðu þér – frá kúskinum sínum! Þegar hann sneri aftur var hann með fullar hendur fjár og borgaði kúskinum tífalt til baka. Svona menn eiga ekki að fá skáldalaun.

12. ATRIÐI ELIVOGAR

Rödd af segulbandi les kafla úr ljóðinu Elivogar. Hægt væri að láta ljóðið birtast á hvítu tjaldi jafnóðum og röddin les það. Þegar blaðamennirnir koma inn á sviðið hljóðnar röddin en ljóðið heldur áfram að birtast þar til atriðinu lýkur.

Úr Elivogum

*Segulstraumar, stjarnablik
struku af mínum augum ryk.
Sjón ég fékk af naktri njólu.
Norðljós glóðu um róðrarvík. —
Litir himna um fell og fjörð
firnadjúpsins grun mér ólu.
Neista einn ég sagði sólu.
Sandkorn varð mér Adams jörð.*

*— Alein finnst mér átt að sjá,
yppi Norðri geislabrá.
Út, þar falla ELIVOGAR,
út, í stjarnafirnin blá.
Lítur nokkur sunnu son
svið, hvar dýrðin fegur logar;
þar sem reisa blysabogar*

bifróst fyrir andans von.

Hér væri hægt að að láta röddina þagna en láta ljóðið halda áfram að birtast á tjaldinu.

*Víst er lágstig lífs þar meint,
luktu auga að sjá alt hreint. —
Mannaboð ein heimta að hylja.
Haf er djúpt, en fer ei leynt.
— Sæla er hálf í hjartans grun.
Himins ríki er að skilja.
Býr ei undir almáttis vilja
efatrúnni að steypa í hrun?*

*— Elivogar eiga ei brunn.
Aldrei nam þar jaki grunn.
Heljar svipir, huliðsraumar,
horfa langt um Ginnungs unn.
Ísum fylgja í ysta húm
andans þyngstu vafadraumar.
Storkuflóði strengdir taumar
stefna yfir skapnaðs rúm.*

*Um leið og röddin þagnar birtist ritdómari *Alþýðublaðsins* á sviðinu vinstra megin.*

BLAÐAMAÐUR ALÞÝÐUBLAÐSINS

Kvæði Einars Benediktssonar, *Elivogar*, er óskiljanlegur moldviðrismökkur.

BLAÐAMAÐUR MORGUNBLAÐSINS

*Birtist hægra megin á sviðinu um leið og fulltrúi *Alþýðublaðsins* hverfur af sviðnu.*

Einhver hugleysingi, sem dregur slæðu nafnleysisins yfir höfuð sér, svo að hann ekki þekkist, fer í gær í *Alþýðblaðinu* niðrandi orðum um hið stórfellda og fagra kvæði Einars Benediktssonar, *Elivogar*, sem birtist í *Eimreiðinni* síðast. Má það furðulegt heita að aðrir eins stafkarlar eins og þarna eru á ferðinni skuli veifa priki sínu að öðrum eins skáldjöfri og Einar er. Er *Elivogar* eitt af ágætustu og mestu kvæðum hans og sýnir enn á ný að ekkert okkar skáld kemst nú með tærnar þar sem hann hefur hælana hvað hásævi, djúpskyggni og orðauðgi snertir.

BLAÐAMAÐUR ALÞÝÐUBLAÐSINS

*Kemur inn á sviðið vinstra megin um leið og ritdómari *Morgunblaðsins* hverfur af sviðinu*

Einar Benediktsson er stórt skáld, svo stórt skáld að hann minnkar ekkert við það þó að honum verði á miður gott kvæði eins og hér stóð í blaðinu í gær, – svo stórt skáld að hann minnkar jafnvel ekki við það þó að *Morgunblaðið* ábeki kvæðin hans, – eins og þau væru lélegir víxlar, en *Morgunblaðið* góðsamur milljónamæringur af andans auði.

12. ATRIÐI

SIGLIR DÝRA SÚÐIN MÍN

Einar situr í þægilegum stól. Hlín kemur inn með þúrtvínsflösku og glas í hendi.

HLÍN

Jæja, Einar minn. Hér færðu þúrtvíns-skammtinn þinn í dag.

EINAR

(Drekkur hægt úr glasinu). Fæ ég ekki annað glas – svona í tilefni þess að það er 17. júní í dag?

HLÍN

Þú veist, Einar minn, að þú verður bara veikur af því.

EINAR

(Blíður). 17. júní er nú ekki nema einu sinni á ári, elskan mín.

HLÍN

Satt er það – og ég hef nú löngum vitað það. *(Tekur teppi og breiðir það yfir kjöltu hans hringar því um fætur hans).*

EINAR

Þú ert alltaf svo stíf og stjórnsöm. *(Nokkur þögn).* Alkóhólíð fer ekki vel með mann hérna. Ég má vara mig á sjálfun mér.

HLÍN

(Nokkur þögn). Farðu nú með fallett ljóð fyrir mig, Einar minn.

EINAR

Þú ert hérna hjá mér, hlý og hjartahrein. *(Lítur upp).*

*Siglir dýra súðin mín,
sveipuð himinbjarma,
yfir heimsins höf til þín,
hrundin bjartra arma.
Veit ég hjúpa léttust lín
leyndir dýpstu barma. –
Teiga ég þinna vara vín,
– veigar sælu og harma.
Einatt siglir súðin mín
sæl til þinna arma.*

Hlín krýpur við fætur Einars og leggur höfuðið í kjöltu hans.

13. ATRIÐI

TIL VALGERÐAR

Einar stendur fyrir miðju á sviðinu; fer með hluta kvæðisins, Einræður Starkaðar. Hann er örlítið við skál. Til hliðar, aftarlega á sviðinu stendur Valgerður, ljósið á henni dofnað smám saman.

EINAR

*Þitt hjarta bar frið. Það var heilög ör.
Þín hönd var svöl og mín kné sig beygja.
Fótsár af æfinnar eyðimörk
einn unaðsblett fann ég – til þess að deyja.
Volduga, mjúkhenta líkn míns lífs,
hve ljúft var í skaut þitt ennið að hneygja.
Mín sál á ei málið, – en varir míns vífs,
vilja þær orð mér til frelsis segja?
Ég batt þér minn fegursta söngvasveig,
en samt var það dýrast, sem aldrei var talað.*

*Ég drakk hjá þér heimsins himnesku veig, –
en hugar míns þorsta varð aldrei svalað.
Með jarðarbarnsins harma ég hneig
að hjarta þínu og lét mig dreyma.
Mín ófædda von, sem þú unnir, var feig.
Hvar á okkar skammlífa sæla heima?

Hvíti faðmur, – var hjarta mitt kalt.
Því hljóðnaði ástanna nafn mér á vörum?
– Dýpi míns brjósts veit ég aldrei allt;
efi og þótti býr í þess svörum.
Drottning míns anda, dís við mitt borð,
- dauðarþögull ég tæmdi þess skálar.
Á jörð eða himinn þá hvorugt eitt orð,
sem hæfir þrá og tryggð minnar sálar?*

14. ATRIÐI VIÐTAL VIÐ HLÍN Í HERDÍSARVÍK

Blaðamaður og Hlín sitja við eldhúsborðið í Herdísarvík.

HLÍN

Þeir eru nú ekki margir vinirnir hans Einars sem heimsækja okkur í Herdísarvík.

BLAÐAMAÐUR

Hvers vegna?

HLÍN

Maður hugsar nú margt. Við fórum til Hafnar þegar sjötugsafmælið hans nálgast. Svo vorum við í Edinborg á afmælisdaginn. Það komu tvö heillaóskaskeyti til hans. Annað var frá Eggerti Claessen og hitt frá stúdentaráðinu. Og þegar hann varð 65 ára fékk hann 12 skeyti. Og af þessum 12 voru 4 frá hálfvitum. En hann fékk þá gott skeyti frá Lárusi H. Bjarnasyni. Þeir höfðu elt grátt silfur hérna á árunum. Það var gott: „Ég óska *okkur* til hamingju með að eiga *þig* enn.“ Það var ansi vel sagt.

BLAÐAMAÐUR

Hvert kvæða hans þykir þér vænst um?

HLÍN

Mér þykir vænst um þau kvæði sem eru um það sem mér þykir vænst um í heiminum. Það eru stórborgir Evrópu. Það er London, það er París, það er Róm, það eru Feneyjar, það er Madrid. Og mér þykir vænt um þau öll auðvitað, kvæðin. En oftast nær er það, þegar ég gríp í einhverja bók, að ég tek eitthvað af þessum kvæðum fyrst.

BLAÐAMAÐUR

Hér sitjum við í miðri mannláusri hraunbreiðu, og þér þykir vænst um stórborgir Evrópu!

HLÍN

Vænst þykir mér um Rómaborg – sennilega af því að ég hef aldrei komið þangað.

*Nótt er yfir Tíbers álum;
auðir stígar, þögul torg.*

*Enn í dans og drykkjuskálum
daginn lengir Rómaborg.
Sæki' eg einn um óttustundu,
yngir sig hér víns af glóð
suðrænt blóð með létta lundu,
laust á kostum, – menn og fljóð.*

BLAÐAMAÐUR

*Ein er fegurst yst í stóli,
íturvaxin gleðisnót.
Sé ég undan sjali og kjóli
svanabarm og prúðan fót.
Mund er fylgimanns á armi,
mjúk er röddin, tungan ör.
Engils svipur er á hvarmi,
undirheima bros á vör.*

15. ATRIÐI – Lokaatriði

A ÚR EINRÆÐUM STARKAÐAR

RÖDD AF SEGULBANDI

*Fótsár af ævinnar eyðimörk
einn unaðsblett fann ég – til þess að deyja.*

B ÚR ÚTVARPSEIRINDI

Einar hlustar á útvarpserindi um Einar Benediktsson og skáldskap hans – (Sigurð Nordal).

RÖDD AF SEGULBANDI

(Undir lok erindisins): Hinn víðförli ævintýramaður dvelur nú á afskekktum sveitabæ, fyrir hinum mikla útsæ. Hann er horfinn veröldinni og veröldin er horfin honum. Þegar dauðinn vitjar hans mun það verða sem í draumi. Óttalaus og kvíðalaus mun hann leggja á djúpið. Ævistarfinu er lokið. Hann hefur sagt sitt síðasta orð.

ÚTSÆR

*Til þín er mín heimþrá, eyðimörk ógna og dýrðar,
ásýnd af norðursins skapi í blíðu og stríðu.
Hjá þér eru yngstu óskir míns hjarta skírðar.
Útsær — þú ber mér lífsins sterkustu minning.
— Ég sé þig hvíla í hamrafanginu víðu;
ég heyri þig anda djúpt yfir útskaga-grynning.
Ofsinn og mildin búa þér undir bránni;
þú bregður stórum svip yfir dálítið hverfi,
þar lendingarbáran kveðst á við strenginn í ánni,
en upplit og viðmót fólksins tekur þitt gervi.
++++
— Og altaf ég man þig um mánaóttuna langa;
þá mæna til stjarnanna skuggar eyja og dranga
og vefjast í löngum örmum, sem risi og rýgur, —
en röstin niðar í fjarlægð, með blandaða strauma.
Þinn barmur aðeins hrærist og hljóðlega stígur
er himneska segulfangið á móti þér hnígur.*

— *Andvaka haf, í ómi glitrandi stranda,
aleinn ég dvel í stjörnuhöll minna drauma
og lifi að nýju þinn ljóma og róm í anda. —
Mín léttustu spor eru grafin í þína sanda.*

— *Sem leikandi börnin á ströndu, er kætast og kvarta,
með kufung og skel frá þínu banvæna fangi,
ég teygja þinn óm frá stormsins og straumanna gangi,
stirnandi, klökka djúp, sem átt ekkert hjarta.*

— *Missýnir skuggar, mókandi ey og drangi,
myndaskipti þín öll, þau skulu mér fylgja.
Þó kalt sé þitt brjóst, þar sem blikar geislanna sylgja,
þó björgin þú knýir til ákalls, en svarir ei neinu,
allt það, sem hjúpur þíns hafborðs gjörir að einu,
hnígur að minni sál, eins og ógrynnis-bylgja.*

C HVER ER SEM VEIT

RÖDD UTAN SVIÐS

Nóttina sem hann dó, þá tók ég eina ljóðabókina, ég ætlaði að sjá hvort hann mundi lifa nóttina — :

*Hver er sem veit, nær daggir drjúpa
hvar dafnar fræ, sem ná skal hæst.
Hver er sem veit, nær knéin krjúpa
við kirkjuskör, hvað guði er næst.*

[Úr: Rígning]

Þá fann ég að hann myndi varla lifa þessa nótt.

D ÚR LÍKRÆÐU

SÉRA ÓLAFUR

— Að kveikja kjark og áræði, að breyta deyfð og dauðamóki í lífsfjör og athafnir, það er skáldanna verk öðrum fremur. — Skáldið er spámaður. — Hann er hinn langsýni sjáandi, sem skilur tákni og kröfur tímanna. Hann þarf að kunna sem best að greina hið sanna frá hinu ósanna, hið heilbrigða frá hinu sjúka, kjarnann frá hisminu, hið raunverulega verðmæta frá hégómanum og tildrinu.

Þegar hann er kominn í salarkynni skáldgyðjunnar, þá virðist fyrsta hugsun hans vera þessi: „Drag skó þína af fótum þér, því staðurinn sem þú stendur á, er heilög jörð.“ Í skáldskapnum vildi Einar Benediktsson „ekki vamm sitt vita“, þar var , í hans augum fátt fullgott og ekkert ofgott.

Þegar ég nú stend hér við líkkistu jafnaldra míns og minnst 7 síðastliðinna ára, er hann alltaf var að falla af og hrörna, þá öðlast ég svo glöggvan skilning á hinum gömlu orðum sálmaskáldsins hebreska: „Drottinn, þú lætur manninn hverfa aftur til duftsins og segir: Hverfið aftur, þér mannanna börn. Því að þúsund ár í þínum augum eru sem dagurinn í gær, þegar hann er liðinn, já, eins og næturvaka. Og þegar ég fyrir rúmunum þrem mánuðum kvaddi hann í síðasta sinni austur í Herdísarvík með handayfirlagningu og bæn um blessun guðs og náð honum til handa, þá fann ég það og vissi að við áttum ekki eftir að hittast aftur hér á jörðu.

ENDIR

ATHUGASEMDIR FRÁ HÖFUNDUM ELDHUGANS

1. útgáfa 2019: **ELDHUGINN** – Mannmargt, mörg atriði og langt leikrit.
2. útgáfa 2021: Verkinu skipt upp í tvö leikrit **ELDHUGINN 1 – yngri árin** og **ELDHUGINN 2 – efri árin**.
3. útgáfa 2022: **ELDHUGINN – STYTTRI ÚTGÁFA. Leikrit í hæfilegri lengd.**

Hvorki Þjóðleikhúsið né Borgarleikhúsið sýndu því áhuga að setja 1. útgáfuna á svið. En við fengum vinsamlega dóma um verkið:

- Maríanna Clara Lútersdóttir, listrænn ráðunautur Borgarleikhússins: Verkið er áhugavert, sýnir ævi Einars á lifandi og skemmtilegan máta, bæði hversu heillandi og hæfileikaríkur hann var – en einnig hans dekkri hliðar og hvernig þær stuðluðu að falli hans. Þetta er auðvitað um leið saga borgar og þjóðar þar sem við fáum í aðskildum senum góða tilfinningu fyrir samtímamönnum hans og konum og tíðarandanum sem verður oft ljóslifandi. Hér er hins vegar leiddur fram gríðarlegur fjöldi persóna sem þyrfti að útskýra vel og skilmerkilega til þess að hinn almenni áhorfandi áttaði sig á hverjar þær væru og hvert hlutverk þeirra í framvindu verksins og sögunni sjálfri sé.
- Hrafnhildur Hagalín Guðmundsdóttir, listrænn ráðunautur Þjóðleikhússins: Þakka ykkur kærlega fyrir að senda Þjóðleikhúsinu verkið ykkar Eldhugann. Það er metnaðarfullt um merkan mann og ég hafði gaman af því að lesa það.

ELDHUGINN – STYTTRI ÚTGÁFA 2022

Leikgerð

Sum atriðin eru mjög stutt og það kallar á örur skiptingar. Tilraunir hafa verið gerðar með þessa tegund leikgerða á undanförunum árum – oft með góðum árangri.

Röð atriða

Atriðum er að mestu raðað eftir tímaröð. Að sjálfsögðu má nota aðra röðun ef það er talið hentugra til dæmis ef skapa á ákveðna stemningu innan hvers þáttar.

Framsögn og látæði persóna

Fáar athugasemdir eru um framsögn eða látæði persóna í endanlegri gerð handritsins. Það stafar af því að við teljum að leikstjóri og leikarar séu hæfastir til þess að lesa út úr textanum hvernig best er að túlka hann.

Ljóðin

Huganlega mætti láta einstök ljóð birtast á skjá.

Búningar

Einar var alltaf klæddur samkvæmt nýjustu tísku hvers tíma. Alþýðukonur voru yfirleitt í peysufötum á þessum tíma.

Leikmynd

Nota má ljósmyndir, svipað og gert er í bók Guðjóns Friðrikssonar um ævi Einars Benediktssonar, en þessi leikgerð byggir að miklum hluta á þriggja binda verki GF með leyfi hans. Að öðru leyti hentar líklega best að leikmyndin sé sem einföldust, enda þarf mikinn hraða á allar skiptingar milli atriða, eins og áður sagði.

Sviðsmenn

Sviðsmenn gætu verið sýnilegir: venjulega klæddir karlmenn og konur í peysufötum; eldabuskur og snúningastrákar; svartklæddar þernur með hvítar svuntur og kappi í hári svo og virðulegur yfirþjónn.